

Sjötti fundur haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 4. maí 2017 kl. 20:30

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Harpa Jónsdóttir, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð. Konráð Konráðsson endurskoðandi situr fundinn undir 1. Lið.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Ársreikningar EM vegna 2016 fyrri umræða. **Samþykktir samhljóða. Konráð fer af fundi.**
2. Ráðning skólastjóra við Laugargerðisskóla. **Oddviti lagði til að Ingveldur Eiríksdóttir verði ráðin frá og með 1. ágúst 2017**
3. Drög að samning við Gámaþjónustu Vesturlands vegna sorphirðu í sveitarfélaginu. **Afgreiðslu frestað.**
4. Gámar í sveitarfélaginu í vor. **Samþykkt samhljóma að fara í átak í byrjun sumars líkt og undanfarin ár.**
5. Erindi frá Félagsbúinu Miðhrauni þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu hausaþurrkunar að Miðhrauni. **Félagsbúið Miðhrauni hefur rekið fiskþurrkun um árabíl að Miðhrauni. Aðstæður hafa hins vegar breyst í samfélaginu m.a. með tilkomu mikillar ferðaþjónustu og fl. Samþykkt samhljóða af hreppsnefnd að leggjast gegn því að farið verði í að byggja upp fiskþurrkun að Miðhrauni aftur vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu.**

Oddviti lagði til að liðir 6 og 7 yrðu ræddir saman. Það var samþykkt.

6. Erindi dagsett 3. maí 2017 frá Valgarð S. Halldórssyni og Gísla Guðmundssyni og varðar áskorun til sveitarfélagsins, jafnframt er undirskriftalisti lagður fram, áskorun með 47 nöfnum á. Þar er óskað eftir að sveitarfélagið taki þátt í greiningarvinnu um sameiningu sveitarfélaga sem í gangi er í nágrenninu.
7. Lagður var einnig fram undirskriftalisti frá 18 íbúum dagsettur 2. maí um að það yrði boðað til borgarafundar um stöðu sveitarfélagsins í ýmsum málum og verkflokum með tilliti til sameiningarviðræðna við önnur sveitarfélög.

Eins og fram kemur í sveitastjórnarlögum gr. 108 verður sveitarstjórn að verða við ósk um borgarafund ef yfir 10 % íbúa á kjörskrá óska eftir því. Oddviti leggur því til að haldinn verði borgarafundur eins fljótt og hægt er þar sem m.a. verður rætt samstarf við önnur sveitarfélög / sameiningar. Jafnframt leggur oddviti til að afgreiðslu erindis Gísla og Valgarðs fyrir hönd áhugafólks um sameiningu / samstarf sveitarfélaga verði frestað þangað til íbúar hafa komið saman og rætt málin á borgarafundi. Það samþykkt af meirihluta, EK, ASS og KG. Á móti HJ og HJ og þau leggja fram eftirfarandi bókun.

Bókun:

Undirritaðir hreppsnefndarmenn harma að ekki hefur verið tekið tillit til vilja þeirra íbúa sveitarfélagsins sem vilja að sveitarstjórn taki þátt í þeirri greiningarvinnu sem nú er að hefjast milli

Helgafellsveitar, Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar um sameiningu / samstarf sveitarfélaganna. Greiningarvinnu sem hefði varpað skýrara ljósi á kosti og galla sameiningar fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp. Íbúar sveitarfélagsins hefðu alltaf haft síðasta orðið um þá framvindu.

Halldór Jónsson

Harpa Jónsdóttir.

Oddviti leggur fram eftirfarandi bókun.

Að mati oddvita er mikilvægt að gefa öllum íbúum kost á að koma skoðunum sínum á framfæri á jafn viðkvæmu máli og sameiningarmál sveitarfélaga eru. Besta og lýðræðislegasta leiðin til þess er að gefa öllum færi á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum á borgarafundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Harpa Jónsdóttir (sign)

Eggert Kjartansson (sign)